

Ingimundur Sigurpálsson
formaður, SA

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins
Hótel Nordica, 17. apríl 2007

Ræða formanns Samtaka atvinnulífsins

Forsætisráðherra, góðir fundarmenn!

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á undanförunum einum og hálfum áratug á flestum sviðum þjóðlífsins. Þær eiga rætur sínar í því, að íslenskt atvinnulíf hefur verið leyst úr fjötrum verðbólgu, fjötrum hárra skatta, fjötrum ríkisrekstrar og mikilla ríkisafskipta og fjötrum takmarkaðs markaðar. Lausn úr þessum fjötrum hefur leyst úr læðingi aukinn kraft, sem byggir á frumkvæði og dug einstaklinga. Afleiðingarnar eru ótrúlegar framfarir og öflug uppbygging á flestum sviðum samfélagsins. Fyrirtækin hafa vaxið og dafnað svo að þau eru mörg óþekkjanleg frá því sem var fyrir fáeinum árum síðan auk þess sem ný fyrirtæki hafa sprottið upp. Hagur hins opinbera hefur einnig vænkast með auknum skatttekjum og síðast en ekki síst hafa líf skjör alls almennings batnað meira en nokkru sinni fyrr. Það eru því bæði gömul sannindi og ný, að þá farnast mönnum best, þegar einstaklingar fá frelsi og tækifæri til þess að virkja hug sinn og þor og metnaður þeirra fær að njóta sín.

Verkefnin eru á hinn bóginn enn óþrjótandi, þrátt fyrir að margt hafi áunnist á síðustu árum. Yfirskrift þessa fundar vísar til þess, að á næstu áratugum mun Íslendingum á vinnumarkaði fækka hlutfallslega, en þeim, sem komnir verða á efri ár, mun fjölga mjög. Framreikningar Samtaka atvinnulífsins gefa til kynna, að árið 2050 verði rúmur fjórðungur íbúa landsins eða 110 þúsund manns 65 ára og eldri saman borið við tíunda hvern íbúa eða 35 þúsund manns nú. Áttæðum og eldri mun fjölga úr 9600 í um 45 þúsund á þessum tíma. Þetta er mikil breyting.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa af framsýni staðið fyrir uppbyggingu öflugra almennra lífeyrissjóða og hefur um stofnun þeirra og rekstur verið samið í kjarasamningum undanfarna áratugi. Auk þess hafa aðilar vinnumarkaðarins samið um öflugt hvatakerfi, sem leitt hefur til þess, að séreignarsparnaður hefur vaxið verulega undanfarin ár. Þessi tvöfaldi lífeyrissparnaður mun tryggja flestum eftirlaunaþegum viðunandi afkomu innan fárra ára. Vandí Íslendinga vegna hækkandi meðalaldurs er því minni en flestra annarra þjóða, sem fjármagna lífeyrisgreiðslur með skattlagningu á vinnandi fólki.

Hækkandi meðalaldur og fjölgun lífeyrisþega kallar engu að síður á ný viðfangsefni fyrir lífeyriskerfið, þegar fram líða stundir. Sjóðirnir hafa byggt loforð sín um ævilangar lífeyrisgreiðslur á því, að hver lífeyrisþegi verði um 17 ár á eftirlaunum. Æviskeið Íslendinga heldur á hinn bóginn áfram að lengjast og má við því búast, að 65 ára einstaklingur eigi um 24 ár ólifuð, þegar kemur fram á miðja þessa öld. Þessi staðreynd mun hafa í för með sér miklar breytingar á öllum sviðum samfélagsins.

Samningar 2006

Fyrir réttu ári síðan stóðu Samtök atvinnulífsins frammi fyrir mjög sérstakri stöðu. Ekkert virtist geta komið í veg fyrir uppsögn allra kjarasamninga á samningssviði samtakanna í lok árs 2006, en endurskoðunarákvæði þeirra tók mið af því, að verðbólga yrði í námunda við markmið Seðlabanka Íslands. Hverfandi líkur virtust á því, að samkomulag gæti náðst í forsendunefnd samningsaðila í nóvember síðastliðnum, því líklegur útgjaldaauki var hærri en svo, að fyrirtækin í landinu gætu undir honum staðið. Kjarasamningar opinberra aðila, einkum sveitarfélaganna, fyrir og eftir áramót 2005/2006 og verðbóluskot í kjölfar lækkandi gengis krónunnar fyrir ári síðan leiddi til þess, að Samtök atvinnulífsins og viðsejendur þeirra gerðu samkomulag um breytingu á gildandi kjarasamningum. Tilgangur samkomulagsins var að tryggja gildistíma kjarasamninganna út þetta ár, eins og upphaflega var um samið. Meginmarkmið samkomulagsins var að breyta væntingum um verðbólgu, þannig að hún yrði á árinu 2007 í samræmi við þau markmið, sem Seðlabanki Íslands hefur sett. Enn standa vonir til þess, að svo geti orðið og hefur samkomulagið ekki stuðlað að óvæntu launaskriði – gagnstætt því sem Seðlabankinn spáði. Stjórnvöld lögðu sitt af mörkum til þess að tryggja framgang samkomulagsins og fylgdu þau sínum þætti málsins eftir með áhrifaríkustu efnahagsaðgerð ríkisstjórnarinnar á síðasta ári, en hún fólst í því að opna íslenskan vinnumarkað fyrir starfsmönnum frá nýjum aðildarríkjum ESB.

Þótt samkomulag SA og ASÍ og landssambanda þess síðastliðið sumar hafi ekki eitt og sér hrundið af stað keðjuverkandi launahækkunum, þá verður því ekki haldið fram, að hækkun launa undanfarin ár samrýmist stöðugu verðlagi. Launahækkanir hér á landi hafa verið margfalt meiri en í samkeppnislöndum okkar um langa hríð og má í því sambandi nefna, að á síðasta ári hækkaði almenn launavísitala fimmfalt meira á Íslandi en á evrusvæðinu. Á síðustu áratugum hefur hlutur launa í verðmætasköpuninni verið rúm 60% hér á landi, en á síðustu árum er hann kominn í um 70%. Það er vísbending um að víða sé þrengt að hag atvinnurekstrar, þótt vissulega berist einnig góðar fréttir af afkomu margra fyrirtækja. Í Evrópusambandinu er þetta hlutfall stöðugt og um 56%. Hátt hlutfall launa dregur úr svigrúmi atvinnulífsins til fjárfestinga og þar með úr hagvexti, þegar litið er fram á veg. Það fær því ekki staðist til lengdar án þess að draga úr kaupmætti.

Efnahagsmál

Íslenskt atvinnulíf hefur skilað verulegum árangri á undanförunum árum. Erlend fjárfesting hefur verið í sögulegu hámarki, hagvöxtur hefur verið með allra mesta móti, Ísland er ofarlega á lista OECD yfir ríkustu þjóðir heims og íslenskt hagkerfi er jafnframt ofarlega á blaði yfir samkeppnishæfustu hagkerfi í víðri veröld. Fjölmörg íslensk fyrirtæki hafa margfaldað umsvif sín erlendis og verulegur uppgangur hefur verið á hlutabréfamarkaði, en á sama tíma hefur hátt gengi krónunnar reynst mörgum fyrirtækjum í útflutningi og alþjóðlegri samkeppni erfitt.

Seðlabankinn hefur haldið áfram að hækka stýrivexti sína, þrátt fyrir horfur um minnkandi vöxt og hjaðnandi verðbólgu og merki um að heldur dragi úr spennu á vinnumarkaði. Háir stýrivextir styðja fyrst og fremst við hátt gengi krónunnar og halda um leið niðri verði á innfluttri vöru og þjónustu. Ekki hefur tekist að draga úr eftirspurn í

hagkerfinu, þrátt fyrir að nafnvextir séu nú með því hæsta sem þekktist á Vesturlöndum. Vextir verðtryggðra lána hafa einnig farið hækkandi að undanfögnu, ekki þó vegna aðgerða Seðlabankans, heldur vegna þróunar erlendis. Hátt gengi krónunnar hefur ýtt undir vaxandi viðskiptahalla og á árinu 2006 var hann talinn 305 milljarðar króna eða um 27% af landsframleiðslu.

Samtök atvinnulífsins telja, að viðskiptahallinn sé verulega ofmetinn, bæði vegna þess að uppgjörsaðferðir, sem stuðst er við, endurspeгла ekki raunverulega ávöxtun eigna þjóðarinnar erlendis svo og vegna þess að erlendar þjónustutekjur sýnast verulega vantaldar. Sem dæmi um það hve skekkjan er stór í uppgjörinu má nefna, að meðalvextir af erlendum skuldum okkar eru taldir hærri en meðalvextir af erlendum eignum. Ef satt er, þá er öll útrásin á misstillningu byggð. Þessi bjögun í mati á erlendum tekjum og eignum þjóðarbúsins veldur því, að Ísland fær lakari lánshæfiseinkunn hjá erlendum matsfyrirtækjum en efni standa til. Það er því afar brýnt að bæta gagnaöflun, aðferðir og framsetningu á upplýsingum um tekjur og stöðu eigna Íslendinga erlendis, þannig að þær gefi réttari mynd af stöðu þjóðarbúsins.

Umfangsmesta fjárfesting hér á landi undanfarin ár hefur verið á sviði orkuöflunar og uppbyggingar orkufreks iðnaðar. Slík uppbygging er sérstakt fagnaðarefni, þar sem með henni er verið að leggja drög að útflutningstekjum til langrar framtíðar. Þau störf, sem þar verða til, eru raunveruleg hátekjustörf og getur verkafólk í þeirri atvinnugrein reiknað með um 350 þúsund króna föstum mánaðarlaunum, sem er hátt yfir meðallaunum. Undanfarinn áratug hafa þrjú fyrirtæki, sem teljast til orkufreks iðnaðar, starfað í landinu og hið fjórða er nýtekið til starfa. Ekki eru í hendi endanlegar ákvarðanir um frekari uppbyggingu í greininni, þótt vissulega séu nokkur verkefni á döfinni, en rétt er að hafa í huga, að á undanförunum áratugum hefur ítrekað verið leitað eftir uppbyggingu fyrirtækja í orkufrekum iðnaði hér á landi án þess að af henni hafi orðið. Í því sambandi er tilefni til þess að rifja það upp, að í aðdraganda Alþingiskosninga árið 1995 var atvinnuleysi hér á landi um 6%. Áhersluatriði stjórnmalanna á þeim tíma lágu fyrst og fremst í því að tryggja ný störf og settu metnaðarfullir stjórnmalaflokkar sér það markmið að tryggja um 12.000 ný störf fyrir árið 2000. Sá árangur hefur vissulega náðst og gott betur, þar sem störfum hefur fjölgað um tæplega 30.000 síðan þá, en vert er að hafa í huga, að meðgöngutíminn hefur verið býsna langur og árangurinn á almennum vinnumarkaði er að stórum hluta borinn uppi af auknum umsvifum í orkufrekum hátækniidnaði og afleiddum áhrifum þeirra.

Því hefur verið haldið fram, að erlend stórfyrirtæki sækja hingað til lands vegna þess að rafmagn sé fáanlegt á gjafverði. Hið rétta er, að verðið stendur undir þeim kostnaði, sem öflun orkunnar hefur í för með sér, og skilar eigendum orkufyrirtækjanna hæfilegum arði. Erlend stórfyrirtæki sækjast vissulega eftir orkuverði, sem er alþjóðlega samkeppnishæft, en þau sækjast ekki síður eftir hátæknisamfélaginu á Íslandi, þar sem völ er á vel menntuðu og dugmiklu starfsfólki og nú í seinni tíð stöðugleika og hagstæðu almennu rekstrarumhverfi. Eins og menn hafa kynnst er undirbúningstími þessara verkefna langur og eru fjölmargir þættir skoðaðir ofan í kjölinn. Það væri því ótrúleg skammsýni, ef íslensk stjórnvöld létu sér detta í hug að gefa út yfirlýsingu um það, að nú skuli öllum hugmyndum um orkufrekan hátækniidnað slegið á frest. Afleiðingin yrði fyrst og fremst

sú, að hætt yrði við þær athuganir, sem þegar eru hafnar eða í undirbúningi kunna að vera. Komi til þess að fjórum árum liðnum, að hefjast þurfi handa um frekari atvinnuuppbyggingu, þá er ekki víst að neinn áhuga verði að finna og væri raunar líklegra að mörg ár tæki að byggja upp trúverðugleika gagnvart slíkri uppbyggingu. Tíu ár eru langur tími í pólitík, en þau eru ekki langur tími, þegar kemur að uppbyggingu atvinnulífs.

Áfallatryggingar og örorka

Samtök atvinnulífsins hafa lengi talað fyrir breytingum á slysa- og örorkubótakerfi á íslenskum vinnumarkaði. Í ræðu minni á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins árið 2003 fagnaði ég því mjög frumkvæði og hugmyndum verkalýðshreyfingarinnar um að breyta tryggingum launamanna vegna veikinda og slysa. Núverandi tryggingar fela það í sér, að skammtímafjarvistir eru oftryggðar en langtímafjarvistir vantryggðar. Kerfið er einnig býsna flókið, en það felur í sér, að eftir að ábyrgð atvinnurekenda lýkur, þá fást tilteknar bætur hjá sjúkrasjóðum verkalýðsfélaganna og leggja fyrirtækin í landinu sjóðunum til 1% af öllum greiddum launum. Að því loknu tekur við ábyrgð Tryggingastofnunar ríkisins og lífeyrissjóða.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir samkomulagi ASÍ og SA um áframhaldandi gildi kjarasamninga árið 2005 lýsti hún sig reiðubúna til samstarfs við samningsaðila um leiðir, sem dregið gætu úr vaxandi örorkubyrði og jafnað gæti stöðu einstakra sjóða. Til undirbúnings á slíku samstarfi hafa fulltrúar ASÍ og SA átt viðræður undanfarin misseri um endurbætur á þessu sviði. Þær miða að því, að eftir tveggja mánaða veikindarétt hjá fyrirtækjum taki við tímabil, sem standi í allt að fimm ár, þar sem einstaklingar öðlast rétt til framfærslugreiðslna frá nýjum áfallatryggingasjóði. Gert er ráð fyrir því, að þessi nýi sjóður muni fá til sín hluta af núverandi sjúkrasjóðsgjaldi, hluta af gjaldi, sem myndast vegna lækkunar iðgjalda til lífeyrissjóða, og hlutdeild í tryggingagjaldi. Sjóðnum er ætlað að taka við hlutverki margra aðila: sjúkrasjóða að hluta, lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins. Lagt er upp með, að sjóðfélagar fái leiðbeiningar og stuðning og geti leitað til eins aðila, sem samræmir þá þjónustu, sem þeir eiga rétt á, en í núverandi kerfi þurfa rétthafar að leita til fjölmarga aðila. Markmiðið með fyrirhuguðum breytingum er að gera sjóðfélaga sem fyrst virka á vinnumarkaði, ekki síst fyrir tilstuðlan fjölbreyttra úrræða, sem sniðin verði að þörfum þessa hóps.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að á undanförunum árum hefur örorkulífeyrisþegum fjölgað gríðarlega. Síðustu ár hafa 1.200 – 1.400 einstaklingar verið metnir öryrkjar á ári hverju. Þessi þróun er mikið áhyggjuefni. Rannsóknir sýna, að þeir einstaklingar, sem hverfa af vinnumarkaði og verða örorkulífeyrisþegar, eiga fæstir afturkvæmt á vinnumarkað á ný. Skýringarnar eru margþættar, en ein þeirra er sú, að fjárhagslega hvatningu skortir til þess að sækja aftur út á vinnumarkaðinn. Þótt atvinnuþátttaka á Íslandi sé almennari en þekkist annars staðar er atvinnuþátttaka örorkulífeyrisþega með allra minnsta móti. Því liggur beint við að leita skýringa í umgjörðinni um framfærslutryggingu þeirra. Ætla má, að fjölmargir örorkulífeyrisþegar geti sinnt ýmsum störfum, sem í boði eru, til dæmis hlutastörfum, sem nægt framboð er af. Vinnumarkaðurinn er sveigjanlegur og atvinnurekendur eru almennt óhræddir við að ráða starfsmenn til reynslu. Með aukinni atvinnuþátttöku má rjúfa félagslega einangrun, sem

oft fylgir örorku auk þess sem í því er fólgin lífsfylling og sjálfsvirðing að vera þátttakandi á vinnumarkaði.

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar skipaði forsætisráðherra nefnd fulltrúa stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóða fyrir réttu ári síðan, og var verkefni nefndarinnar meðal annars að gera tillögur um samræmingu á viðmiðunum til örorkumats í almannatryggingakerfinu annars vegar og lífeyrissjóðakerfinu hins vegar. Nefndin kynnti nýlega tillögur sínar um úrbætur á þessu sviði og leggur hún meðal annars til, að horft verði á getu einstaklinga til að afla sér tekna og að örorkubætur verði að jafnaði háðar skilyrðum um atvinnuleit og endurhæfingu. Huga þurfi sérstaklega að þeim, sem horfið hafa af vinnumarkaði vegna langtímaatvinnuleysis, veikinda eða slysa, og skal unnið að því, að sem flestir verði aftur virkir á vinnumarkaði. Viðtæk samstaða er um það, að óbreytt ástand sé óviðunandi, því stöðug fjölgun örorkulífeyrisþega skaðar stöðu þeirra og vinnumarkaðinn og hefur í för með sér sívaxandi útgjöld vegna aukinna bótagreiðslna ríkis og lífeyrissjóða. Samtök atvinnulífsins hafa tekið þátt í að móta þessar tillögur og styðja þær heilshugar. Er mikilsvert að ljúka útfærslu þeirra áður en núgildandi samningstímabili lýkur í lok þessa árs, þannig að ganga megi frá úrlausn í þessum efnum í tengslum við gerð næstu kjarasamninga.

Komandi kjarasamningar

Þessi áratugur hefur einkennst af miklum stöðugleika á samningasviði Samtaka atvinnulífsins. Vinnudeilur hafa engar verið og samskipti aðila hafa verið góð. Tvö fjögurra ára samfelld samningstímabil hafa tryggt vinnufrið og fyrirsjáanlegt starfsumhverfi fyrirtækjanna. Á hinn bóginn hefur reynt á öll endurkoðunarákvæði þessara samninga vegna mikillar verðbólgu og óstöðugs gengis krónunnar. Mikilvægt er, að forysta verkálýðshreyfingarinnar og Samtaka atvinnulífsins ræði fyrr en seinna þær meginlínur, sem koma til með að móta kjarasamninga á næsta samningstímabili, þar með talið samningstíma og kostnaðarbreytingar. Ástæða er til að huga sérstaklega að því, hvort ekki sé rétt við ríkjandi efnahagsaðstæður að stefna að styttra samningstímabili en undangengin ár og þá án bindingar við endurskoðun taxtabreytinga á samningstíma. Í undanförunum kjarasamningum hafa SA haft það sem meginmarkmið, að laun þróist hér á landi í samræmi við það, sem gerist í samkeppnislöndum okkar, þannig að hér komist á svipaður stöðugleiki verðlags og þar ríkir. Þetta markmið hefur enn ekki náðst. Það er því enn brýnna nú, að það náist á næsta samningstímabili, þannig að hér festist ekki í sessi hærri verðbólga og vextir en annars staðar með tilheyrandi sveiflum í gengi krónunnar.

Góðir fundarmenn!

Ég minntist í upphafi máls míns á þá staðreynd, að ævi manna lengdist stöðugt og að lífeyrissjóðirnir muni eiga erfitt með að standa undir auknum skuldbindingum. Miðað við óbreyttan eftirlaunaaldur er fyrirséð, að árið 2050 verði einungis tveir einstaklingar á vinnumarkaði fyrir hvern einn, sem kominn er á eftirlaunaaldur, en þeir eru um það bil fimm nú um stundir. Tveir á móti einum. Þær breytingar, sem nú er fjallað um á sviði áfallatrygginga, lúta að því að fjölga tækifærum á vinnumarkaði fyrir öryrkja og að finna samræmd úrræði til þess að þeir, sem verða fyrir áföllum, geti sem fyrst orðið virkir á

vinnumarkaði að nýju. Á sama hátt blasir við, að mikilvægt verður að hvetja þá sem eldri eru til frekari starfa á vinnumarkaði en nú er. Reikna má með, að konur, sem nú fara á eftirlaun um 65 ára aldur, eigi að jafnaði um 21 ár eftir ólifuð, en karlar að sama skapi 18 ár. Árið 2050 munu fimm til sex ár hafa bæst við ævilíkur þessa aldurshóps, þannig að 65 ára konur geta þá átt 26 ár eftir ólifuð og 65 ára karlar 23 ár. Það leiðir til þess, að sá tími, sem menn eiga rétt á greiðslum úr lífeyrissjóðum, lengist stöðugt, og blasir raunar við, að 30% lenging réttindatímabils mun reynast sjóðunum erfitt.

Það verður þungt fyrir fæti að sækja auknar skattgreiðslur til þeirra, sem starfa á almennum vinnumarkaði, í því skyni að standa undir aukinni lífeyrisbyrði, og allar hugmyndir um styttingu vinnuvikunnar, með lögum eða samningum, hljóta að vera óraunhæfar við slíkar aðstæður. Þessa heildarmynd verður að hafa í huga auk þess sem hugsa verður til langs tíma, þegar ákvarðanir eru teknar og mörkuð stefna í málefnum þeirra, sem nú nálgast eftirlaunaaldurinn. Þær ákvarðanir verða að miðast við lausnir á viðfangsefnum, sem blasa við, en mega ekki skapa sívaxandi vanda eftir því sem öldruðum fjölgar.

Umræða um efnahagsmál hljómar óaðlaðandi í eyrum margra og er það á margan hátt skiljanlegt. Samt er það svo, að almennt efnahagsástand mótar allt þjóðlífið. Óstjórn í efnahagsmálum og óhagstætt árferði hefur tvímælalaust áhrif til skamms tíma, en einnig má lesa afleiðingarnar langt aftur í tímann eins og áhringi í trjám. Þegar rýnt er í mannfjöldapíramída, sem finna má á forsíðu rits SA, **Ísland 2050: Eldri þjóð - Ný viðfangsefni**, þá kemur í ljós, að í kjölfar síldarbrests og efnahagskreppu árið 1970 fækkaði barnsfæðingum verulega. Í þeim árgangi varð tæplega 1.000 einstaklingum færra en eðlilegt hefði talist á þeim tíma. Það sama endurtók sig svo árin 1977 og 1985 í kjölfar óðaverðbólgu og rýrnunar kaupmáttar launa árin á undan.

Þær gríðarlegu breytingar, sem orðið hafa á íslensku þjóðlífi undanfarinn áratug, hafa ekki átt sér stað fyrirhafnarlaust. Þær hafa orðið vegna þess að um þær hefur ríkt víðtæk sátt í þjóðfélaginu. Það hefur verið góð sátt um það að auka frelsi í viðskiptum, einkavæða ríkisfyrirtæki, draga úr ríkisafskiptum og lækka skatta. Þjóðin öll hefur notið ávinningsins, hvort heldur sem er almennir launamenn, atvinnurekendur, hlutafjäreigendur eða lífeyrisþegar; karlar og konur.

Ekki er örgrannt um að þær raddir heyrast, að nú sé nóg komið og að tímabært sé að staldra við og hugsa sinn gang. Athafnamenn og forystumenn í atvinnulífi eru jafnvel sumir hverjir sakaðir um græðgi. Vissulega er hófsemdin góð og holt er jafnan að hugsa sinn gang, en í mínum huga er stöðnun ekki kostur í ljósi þeirra miklu verkefna, sem framundan eru, og mikilvægt er að gera glöggan greinarmun á græðgi og metnaði. Þegar fjötrunum er sleppt, fær metnaður einstaklinga og fyrirtækja að njóta sín. Metnaður til þess að gera betur, metnaður til þess að standa sig og metnaður til þess að slá keppinautunum við. Metnaðurinn leiðir til sköpunar, hann leiðir til nýrra hugmynda, hann leiðir til framfara. En framar öðru leiðir metnaðurinn til þess að hagsæld alls almennings batnar.

Forsenda þess að Ísland verði áfram í fremstu röð er undir því komin, að stjórnvöld hafi metnað til þess að halda umgjörð efnahagslífsins áfram í fremstu röð: að tryggja íslenskum fyrirtækjum bestu starfsskilyrði, að draga úr reglubyrði og að viðhalda þeim trúverðugleika, sem byggður hefur verið upp undanfarin ár. Stjórnvöld verða að sýna ábyrgð og festu og þau verða að muna, að á tímum alþjóðavæðingar, þegar upplýsingar berast um heiminn á augabragði, þá leitar efnahagsstarfsemin þangað, þar sem starfsskilyrðin eru almennt hagstæðust. Trúverðugleiki, traust og stöðugleiki eru mikilvægir þættir í efnahagsstjórninni. Það veltur á miklu, að stjórnvöld hafi metnað til þess að halda áfram á þeirri braut að skapa atvinnulífinu svigrúm til athafna. Takist það, mun metnaður einstaklinganna njóta sín. Þá mun vel farnast.